

1855.
29. maí.

21. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um lækningar „homöopatha“.

Með brjefi herra amtm. 29. janúar næstliðinn hefur stjórnin fengið brjef frá eiganda lyfjabúðarinnar á Akureyri, O. Thorarensen, þar sem hann kvartar yfir því, að lækniaðferð homöopatha breiðist út, og að sala á meðölum þeirra lækna aukist að sama skapi, og hafi þetta spillt svo mjög fyrir meðalasölu hans, að hann neyðist til að hætta lyfjasölu nema bönnuð sje sala á meðölum homöopatha, og hafið þjer meðal annars gjört þá athugasemd, að þó að menn, sem ekki hafa rjett til að gegna lækna störfum, fáist við þessa lækniaðferð, mundu þeir þó ekki verða sakfelldir fremur en aðrir skottulæknar, þó að mál væri höfðað móti þeim, nema sannað yrði, að þeir hefðu borið sig stórlega rangt að; en lækniaðferð þeirra mundi miklu fremur aukast og út breiðast í landinu.

Á þessa skoðun herra amtm. verður stjórnin að fallast, og þykir því ekki ástæða til að gjöra neitt í þessu efni, en hún verður þó að biðja herra amtm. að hafa gætur á, hvort ekki beri við, þegar lækniaðferð þessi er við höfð, að lífi og heilsu manna sje hætta búin, og ef svo er, að hlutast þannig til sem þörf er á, eptir því sem á stendur, og vonar stjórnin einnig eptir skýrslu um þetta mál.

31. maí. **22. Öpið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram¹.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

¹) sbr. tvö lagaboðin þjer næst á eptir. — Alþingistið. 1853, bls. 1037; Alþingistið. 1855, Viðbæt. bls. 81—82.

1855.

31. maí.

1. gr. Frá 1. ágúst 1850 skal borga út bæði konungs- peninga og lífeyri konungsættarinnar og öll embættislaun, sem tekin eru af ríkissjóðnum, eptirlaun og biðlaun fyrir hvern mánuð og fyrir fram við byrjun hans.

2. gr. Þó maðurinn deyi á þeim mánuði, eða fái lausn frá embætti, þarf ekki fyrir það að greiða aptur neitt af þeim launum, sem hann hefur fengið fyrir fram fyrir þann mánuð.

3. gr. Öll ný embættislaun, eptirlaun eða biðlaun byrja með 1. degi hins næsta mánaðar, eptir það að veitt hefur verið embættið, gefin lausn frá embætti, eður maðurinn hefur dáið, nema það sje í einstökum tilfellum til tekið með berum orðum, að launin skuli reikna frá einhverju seinna tímabili.

4. gr. Af eptirlaunum og biðlaunum fæst ekkert meira fyrir fram úr ríkissjóðnum en mánaðarborgun sú, sem til tekin er í 1. gr.

5. gr. Af launum þeim, sem eru 1000 rd. að stærð og minni, má fá borgað út fyrir fram, ef sjerleg og brýn nauðsyn ber til, allt að fjórðungi árslaunanna, svo að ekki sje sett veð fyrir eða vextir af goldnir, og skal það þá aptur goldið í seinasta lagi á 2 árum með því að draga $\frac{1}{4}$ hluta á mánuði af launinum. Sá, sem hefur fengið slíkt lán, getur ekki fengið neitt þess konar lán að nýju, fyr en ár er liðið frá því hann hefur endurgoldið fyrra lánið.

Af hærri embættislaunum getur slíkt lán einungis fengizt ef svo stendur á, að skipt er um embætti við manninn, án þess að hann hafi æskt þess, og að öðru leyti með því skilyrði, sem áður er nefnt.

6. gr. Skyndilán þau, sem til þessa tíma hafa verið veitt, skal endurgjalda með því að draga frá launinum á hverjum mánuði eptir nákvæmari ákvörðun ríkisfjárfstjórans, svo framarlega, sem önnur skilyrði hafa ekki verið til tekin, þegar lánið var veitt. Með það, sem hefur verið borgað út fyrir fram, má fara eins og með veitt skyndilán.

Í ríkisreikningnum skal gjöra nákvæma grein fyrir því, sem á því ári hefur endurgoldizt í launa afdrætti og þeim skyndilánum, sem enn eru ógoldin.

1855.
31. maí.

7. gr. Uppgefin eru þau skyndilán, sem tilfærð eru í hinni sjerstöku uppskrift, sem fram er lögð, að stærð 25,439 rd. 55 sk., og einnig þau skyndilán, sem veitt voru fyrir 1841, og tilfærð eru í hinni almennu uppskrift, staflíð A, 1. röð (*Conto*) undir Ö, að stærð 1850 rd.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi.

Eptir að lögreglustjórnin hafði sent konungsfulltrúa lögin 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna, er fjárstjórnin hafði gefið út, ásamt lögnum um eptirlaun 5. janúar 1851 og lög s. d. um skyldu embættismanna að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, til að leggja þau fyrir alþing, til þess að það gæti sagt álit sitt bæði um það, hvort þörf væri að lögleiða þessi lög á Íslandi og um breytingar þær, er hentugar kynnu að þykja, ef þau skyldi lögleiða, áleit alþingi það rjettast og eðlilegast að þessar ákvarðanir, sem þegar var farið eptir á Íslandi, væru beinlínis leiddar þar í lög, einkum þar eð þingið hafði orðið þess áskynja, að það var álitid efasamt, að hve miklu leyti skylda sú, er embættismenn höfðu haft til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk úr hinum almenna ekkju-sjóði, gildi eins um lífsfjár- og framfærslustofnunina, þar eð ekkert hefði verið auglýst á Íslandi um stofnun hennar. Þingið sendi því bænarskrá um lögleiðslu þessara lagaboða.

Dómsmálastjórnin, er skrifaðist á við fjárstjórnina um þetta mál, mælti einnig fram með því, að lagaboð þessi væru lögleidd á Íslandi, og þó að fjárstjórninni fyrir sitt leyti þætti ekki, eptir eðli þessara laga, nein brýn nauðsyn til, að þau væru gjörð sjerstaklega gildandi á Íslandi, bar hún þó undir úrskurð konungs, hvort fara skyldi eptir uppástungu alþingis. Alþingi hafði stungið upp á, að lagaboð þetta yrði lögleitt óbreytt.